

17.maí 2021

Sendandi;

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

Sævar Siggeirsson

Fálkastíg 8.

Álftanes

Bæjarstjórn Garðabæjar,

Bæjarráð og Skipulag Garðabæ

Athugasemdir varðandi skipulag á Álftanesi.

- Efnislosun á svæði merkt landnotkunarreitir 1.07 á skipulagi
- Upplýsinga- og kynningamál
- Skipulagsmál á Norðurnesi
- Hæð húsa á Norðurnesi
- Misræmi í kynningargögnum
-

Efnislosun við Norðurnesveg

Nú um allnökkurt skeið hafa staðið yfir framkvæmdir hér á Álftanesi sem fela það m.a.í sér að grafið er upp fyrir húsagrunnum og það efni sem til fellur er ekið á losunarsvæði við Norðurnesveg sem á ósamþykktu deiliskipulagi er ætlaði í Golfvöll. Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir;

1. Engar merkingar eru um þessar framkvæmdir. Engin upplýsingaskilti sem segja um tilgang og tímalengd þessara framkvæmda eða hver stendur á bak við þær og hvaða verktaki sér um verkið.
2. Upplýsingadreifing til íbúa er í skötulíki. Ef þessar framkvæmdir eru auglýstar í einhverju bæjarblaði þá er ekki gengið eftir því að því bæjarblaði sé dreift til íbúanna. Ef þær eru auglýstar í öðrum prentmiðli þá ber að tryggja að sá fjölmiðill berist inn á heimilin.
3. Í skipulagsgögnum er talað er um að losa megni efni allt að 6000m³ í áfanga eitt, 9500m³ í áfanga tvö og 3000m³ í áfanga þrjú. Hver hefur eftirlit með þessu og að ekki sé losað meira en sagt er? og hvernig vitum við hver fylgist með því?
4. Skv. fundargerð Bæjarráðs frá 4.5. 2021 **mál 18. 2104418: Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi í Glerhallardýi.** Þá samþykkir bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun allt að **39.500 m³** þar sem nú þegar er búið að heimila losun á 6000m³. **“Það er ákvörðun skipulagsnefndar að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum”.** Það verður að segjast að það er alveg á mörkunum að það standist að þetta sé óháð mati á umhverfisáhrifum því skv lögnum sem þið sannarlega vísið í, í fundargerðinni; lög um Mat á umhverfisáhrif nr. 106 frá 2000 (1. Viðauka, Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B og flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir

sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig

2. viðauka. 2.04 segir; Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbótnei þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³

Það landflæmi sem um ræðir fer sannarlega yfir hámark stærðar svæðis eða í 33.300 m² (viðmiðunarsvæðið er 25000m²) Nú þegar er gert ráð fyrir að veita þurfi leyfi fyrir allt að 45.500m³ þegar hámarkið er 50.000 m³.

Ég ítreka því aftur spurninguna hér að ofan, hver fylgist með magni losunar?

Þegar búið er að losa þessa tæplega 50. þúsund rúmmetra og það kemur mögulega í ljós að það er undiráætlað, hvað ætlar bæjarráð og stjórn Garðabæjar þá að gera?

Fara þá í mat á umhverfisáhrifum?

Kynningarmál og grenndarkynning.

Þar sem verið er að grafa upp fyrir íbúðahúsum er sama upp á teningnum, þar sjást bara skurðir og stórvirk tæki. Engar upplýsingar um hvað er í vændum eða hvenær má vænta þess að verklok verði. Slíkt er mjög mikilvægt fyrir þá íbúa sem búa nú þegar á svæðinu.

Á Norðurnesi búa örfáar hræður í um það bil 30 húsum á mjög dreifbýlu svæði. Nú er Garðabær búinn að deiliskipuleggja allstórt þéttbýli ofan í þessa litlu byggð. Athugasemdir mínar eru eftirfarandi;

1. Hefði ekki verið við hæfi að bjóða grenndarkynningu á þessari miklu breytingu sem er framundan?
2. Skipulagið sem slíkt vekur einnig furðu, að skipuleggja götur sitt hvorum megin við hús hefur ekki verið vani. Venjan er að hús snúi a.m.k. annarri/einni hlið að grænu svæði eða garði annars húss. Þarna er ég að vísa í Fálkastíg, Mávastíg og Jörfaveg. Frekar óvanalegt er að hús snúi tveimur hliðum að götum.
3. Húsin við Fálkastíg nr. 2, 4, 6 og 8 standa á púða/upphækkun og snúa gluggum að sjó, yfir til Reykjavíkur og á Akrafjallið og Esjuna. Til stendur skv. skipulagsteikningum að húsin við Mávastíg standi einnig á púða 5.2 metra háum. Síðan koma húsin sjálf og þau mega vera 8 m há. Það segir sig sjálft að við þennan 13.2 metra vegg sem myndast þarna hverfur allt útsýni sem íbúar við Fálkastíg hafa haft. Við mótmælum því eindregið hæð húsa við Mávastíg sem eiga að liggja að húsum við Fálkastíg. Það er lágmark að þau hús sem eiga að rísa við Mávastíg taki mið af þeim húsum sem eru við Fálkastíg hvað hæð varðar en ekki af Blikastíg enda liggja þær götur ekki saman.
4. Skv. samtali við Arinbjörn Vilhjálmsson þá má vera að það verði önnur kynning þegar skipulagsferlið er lengra komið. Við hvetjum eindregið til þess
5. Skv. fundargerð þann 4.5 2021 var eftirfarandi tekið fyrir;

8. 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Garðahverfis.

Það kemur fram að engar athugasemdir hafi borist á forkynningartíma. Ég ítreka að dreifingu upplýsinga til íbúa er mjög ábótavant. Auglýsing um þessa forkynningu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til Garðahverfis og Garðaholts náði aldrei til okkar því eins og ég hef nefnt hér að ofan þá berast okkur ekki neinar upplýsingar frá bæjaryfirvöldum.

Í lokin vil ég benda á misræmi í kynningargögnum;

Misræmi í kynningargögnum;

NORÐURNES Á ÁLFTANESI – FORKYNNING AÐALSKIPULAGSBREYTING OG NÝTT DEILISKIPULAG
KYNNINGAR-FJARFUNDUR 25. ÁGÚST 2020

Þetta eru glærur sem voru notaðar til kynningar á fundi 25. ágúst 2020. Ég vil taka það fram að ég var ekki á þessum fundi, - eðlilega því ég vissi ekki af honum. Fékk aldrei neinar upplýsingar um þennan fund.

Misræmið sem ég vísa í liggur í fjölda húsa við Mávastíg. Á bls. 12 og 13 eru alls sex hús sýnd á skipulags-uppdrætti og skýringarmynd milli Fálkastígs og Mávastígs, einnig á bls. 17. En skyndilega á bls. 19 og 20, 21, 22, 23, 24 hefur einu húsi verið bætt við og húsin eru orðin sjö talsins.

Vil ég endilega fá staðfestingu frá bæjarráði, bæjarstjórn og skipulagsyfirvöldum að þetta sjöunda hús muni ekki rísa.

Með bestu kveðju
Sigríður Arna Arnþórsdóttir
s. 699-8121
Sævar Siggeirsson
Fálkastíg 8
225 Álftanes
Garðabæ